



Perlur

**Sinfóníuhljómsveit áhugamanna
í samvinnu við Nýja tónlistarskólann:
Tónleikar í Seltjarnarneskirkju**

laugardaginn 29. apríl 2023, klukkan 16:00

Stjórnandi: Oliver Kentish

**Einsöngvarar: María Jónsdóttir, Tinna Þorvalds Önnudóttir,
og Berglind Guðnadóttir
Einleikur á orgel: Pétur Nói Stefánsson**



Efnisskrá:

W. A. Mozart: *Idomeneo* – Forleikur

W. A. Mozart: *Laudate Dominum*. Einsöngur: **Maria Jónsdóttir**

C. Gounod: *Repentir (O Divine Redeemer)*. Einsöngur: **Maria Jónsdóttir**

Pétur Nói Stefánsson: Spuni yfir *Erbarme dich* eftir J. S. Bach

J. S. Bach: *Erbarme dich* - úr Mattheusarpassíu. Einsöngur: **Tinna Þorvalds Önnudóttir**

Joh. Strauss: *Die Fledermaus* - Forleikur

Joh. Strauss: *Chacun a son goût* - aría Orlovskys prins úr *Die Fledermaus*.
Einsöngur: **Tinna Þorvalds Önnudóttir**

V. Bellini: *Ah non credea* úr "La Sonnambula". Einsöngur: **Berglind Guðnadóttir**

P. Mascagni: Intermezzo úr "Cavalleria Rusticana"

W. A. Mozart: *Der Hölle Rache*, aría Næturdrottningar úr *Töfraflautunni*.
Einsöngur: **Berglind Guðnadóttir**

Um flytjendur og verk:

Allt frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna 1990 hefur það verið eitt af meginmarkmiðum sveitarinnar að styðja við menntakerfi tónlistarinnar á Íslandi og gefa ungum og upprennandi tónlistarmönnum tækifæri til að leika í hljómsveit, leika einleik eða syngja einsöng með hljómsveit. Fjöldmargir af fremstu tónlistarmönnum landsins hafa þannig stigið sín fyrstu skref á hljómsveitarpalli með sveitinni. Að þessu sinni kynnum við til leiks þrjá einsöngvara, nemendur Alinu Dubik í Nýja tónlistarskólanum.



María Jónsdóttir hlaut alþjóðlegan námsstyrk við Konunglegu tónlistarháskólana í Bretlandi fyrir framúrskarandi árangur á burtfararprófi sínu í Söngskólanum í Reykjavík og lauk háskólanámi með PGMusOpera frá Konunglega tónlistarháskólanum í Skotlandi. María hefur síðan verið nemandi Alinu Dubik við Nýja tónlistarskólann í Reykjavík. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum uppfærslum, bæði sem einsöngvari og með Kór Íslensku óperunnar og Óperukór Reykjavíkur hér heima og erlendis og hefur sungið hlutverk yngismeyja úr hinum ýmsu verkum óperubókmenntanna.

María hefur sungið til úrslita í alþjóðlegum söngkeppnum, skipulagt tónleika, námskeið og sungið við hin ýmsu tækifæri bæði hér heima og erlendis.



Tinna Þorvalds Önnudóttir útskrifaðist með BA gráðu í leiklist árið 2010. Meðfram leiklistinni hefur hún frá árinu 2012 lagt stund á söngnám undir handleiðslu Alinu Dubik. Tinna er meðlimur norræna leikhópsins Spindrift Theatre og fékk á síðastliðnu ári listamannalaun úr Launasjóði tónlistarflytjenda til þess að setja upp kammeróperuna Ástin ein taugahrúga, enginn dans við Ufsaklett eftir Önnu Halldórsdóttur, sem unnin er upp úr samnefndri ljóðabók Elísabetar Jökulsdóttur. Óperan var frumsýnd á Myrkum músíkdögum í janúar á þessu ári. Burtfarartónleikar Tinnu frá Nýja tónlistarskólanum munu fara fram í maí, næstkomandi.



Berglind Björk Guðnadóttir hefur lært söng frá 15 ára aldri. Hún lauk 6. stigi í söng frá Tónlistarskóla Árnesinga 2002. Stundaði söngnám í Danmörku 2003 við 1748 - Musikskole og Musikundervisning í Odense. Lauk framhaldsstigi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 2007. Berglind útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri 2015. Hún sótti námskeið hjá Vocal Art í Kópavogi í heildstæðri raddtækni, og einnig leiklistarnámskeið í Færeyjum. Berglind hefur tekið þátt í nokkrum nemendaóperum, verið með eigin tónleika, sungið í jarðarförum, brúðkaupum o.fl.

Berglind er lýrískur sópran með kóloratúr. Hún lýkur burtfararprófi í vor frá Nýja tónlistarskólanum undir handleiðslu Alinu Dubik sem hefur verið hennar kennari til margra ára.

W. A. Mozart: *Idomeneo* – Forleikur

Þessi fyrsta “alvöru” ópera Mozarts fjallar um Idomeneo, kóng á Krít, og var samin eftir pöntun til flutnings á kjötkveðjuhátið við hirðina í Bayern. Hún var frumflutt 1781. Sögusviðið er Krít stuttu eftir Trójustríðið. Trójumenn og Krítverjar fagna friði og gera upp sín ágreiningsmál. Pólitík, ástir, guðir og sæskrímsli koma við sögu.

W. A. Mozart: *Laudate Dominum*

er líklega mest flutta verk Mozarts, jafnvel allra tónskálda. Það er hluti af stærra verki, fimmti kafli af sex köflum **Vesperae solennes de confessore (K339)**. Það var samið 1780 eftir pöntun erkibiskupsins í Salzburg. Þetta er lofgjörð: Lofið Drottin allar þjóðir, því hann hefur fært okkur miskunn og sannleikur hans varir að eilífu. Dýrð sé föður, syni og heilögum anda, eins og var í upphafi, nú og í allri framtíð, og meðal kynslóða kynslóðanna. Amen.

C. Gounod: *Repentir (O Divine Redeemer)*

Gounod samdi þetta verk seint á ævi sinni þegar hann sá fram á dauða sinn. Textinn er hans eigin: Heyrðu hróp mín, sjáðu iðrun mína Drottinn. Miskunna þú þig yfir mér og fyrirgefðu mér veikleika minn.

J. S. Bach: *Erbarme dich* - úr Mattheusarpassiunni, BWV 244

Mattheusarpasían, eitt stærsta verk meistarans, fjallar um pínu og dauða Jesú samkvæmt guðspjalli Mattheusar. Í passíunni skiptast á söngles, kórkaflar og aríur. Í aríunni *Erbarme dich* biður María mey um miskunn.



Pétur Núi Stefánsson spinnur út frá *Erbarme dich*.

Joh. Strauss: *Die Fledermaus* – Forleikur

Vínarópereturnar eru frægar fyrir gáska og fjör og er *Leðurblakan* ein af þeim þekktustu. Sögusviðið er Vínarborg um áramótin 1874-1875. Helstu sögupersónur eru hjónin Eisenstein og Rosalinde. Rússneskur prins, Orlovsky, sér um partyhald og annað skemmtiefni. Eisenstein er á leiðinni í fangelsi en fellur fyrir Adele. Ást, afbrýði, misskilningur, og annað skemmtilegt, en allt fellur í ljúfa löð að lokum. *Forleikur* óperettunnar er eins konar ágríp af laglínunum hennar og er oft fluttur út af fyrir sig, enda stútfullur af þekktum laglínunum.

Við minnum á að *Leðurblakan* verður flutt í tónleikaformi í lok maí þegar hljómsveit frá Strohgäu í Þýskalandi heimsækir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Hljómsveitirnar leika verkið saman á tónleikum í Langholtskirkju og Reykholtskirkju.

Joh. Strauss: *Chacun a son goût* - Aría Orlovskys úr *Die Fledermaus*

Orlovsky greifi lýsir því hvernig honum finnst best að halda party: Þar vilji hann að fólk skemmti sér og drekki! Og ef hann kemur auga á einhvern sem ekki fylgir þeim reglum þá sé honum að mæta.

V. Bellini: *Ah, non credea mirarti* úr "*La Sonnambula*"

Allir þættir góðrar óperu eru til staðar hér: ást, afbrýði, brúðkaup, misskilningur, greifi í dulargervi, og allt fer vel að lokum. Munaðarleysinginn Amina, unga brúðurin, gengur í svefni og syngur hér um sorg sína, trúlofunarhringurinn af henni tekinn fyrir misskilning vegna gruns um framhjáald. Hún sofnaði bara í vitlausu rúmi.

P. Mascagni: *Intermezzo* úr "*Cavalleria Rusticana*"

Cavalleria rusticana er stutt ópera í einum þætti, fyrsta ópera höfundarins, frumflutt 1890 í Róm. Hún fjallar um ástir, svik og afbrýði, og hlaut fádæma góðar undirtektir strax í byrjun. Eitt frægasta atriðið í óperunni er þó millispilið sem hér verður flutt.

W. A. Mozart: *Der Hölle Rache* Aria Næturdrottningar úr *Töfraflautunni*

Töfraflautan er ef til vill þekktasta ópera allra tíma, og af aríum hennar er aría Næturdrottningarinnar ef til vill þekktust. Söguþráðinn getum við látið liggja milli hluta, en hann mundi sóma sér vel í fantasíubókmenntum nútímans. Næturdrottningin hvetur dóttur sína, Pamínu, til illverka, fær henni hníf og það verkefni að drepa Sarastró, æðstaprest. Og hér er ekki töluð tæpitungan. "Helvíti hefndarinnar sýður í hjarta mér, logar dauða og angistar leika um mig. Ég afneita þér sem dóttur nema þú drepir Sarastró. ..."

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir.

1.fiöla

Helga R. Óskarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Vera Steinsen
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jelena Kuzminova
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir

2.fiöla

Drífa Örvarsdóttir
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Runólfur Jóhannsson
Auðbjörg Ingvarsdóttir

Víola

Sigita Siciuniene
Páll Ingvarsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Yana Prykhodko
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Englahorn

Guðrún Másdóttir

Klarinett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir
Jose Boaventura

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Kaho Terazono

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Jón Hákon Richter
Þorkell Jóelsson
Jóhann Björn Ævarsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Jón Hafsteinn Guðmundsson

Básúna

Rolf Gaedeke

Harpa

Katie Buckley

Orgel

Pétur Nói Stefánsson

Pákur

Helgi Jónsson

Slagverk

Friðrik Rafn Ólafsson

Ekki eru seldir aðgöngumiðar að tónleikunum,
en gestir eru hvattir til að styðja við starf hljómsveitarinnar
með frjálsum framlögum inn á reikning [0137 05 18182](tel:01370518182), kt. [470497 2469](tel:4704972469)

